


| | | |
|-------------------|-------------------------------------|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 09 | | |
| Dags.: 06.06 2015 | | |
| Höfundur: HRS | | |
| Samþykkt: HJS | | |
| Síða 1 af 2 | VEF 303 | Námsáætlun Haustönn 2015 |

| | | | |
|--------------------|------------------------------------|----------------|-------------------------|
| Kennari | Halldóra Björg Sævarsdóttir | Sk.st. | HBS |
| Viðtalstími | Mánudaga kl: 9:30-9:50 | netfang | dorabjorg@vma.is |

Undanfarar: VEF103, VEF203, BFR101 og HTL103

Áfangalýsing:

Í VEF 303 vefa nemendur nytjahlut og setja upp í vefstól með aðstoð kennara. Áhersla er lögð á að nemendur vinni með og þekki mismunandi vefnaðartegundir á 6 – 10 sköft s.s. daladregil, ormeldúk, ýmsar tegundir vaðmáls eða samsettar bindingar. Nemendur byrja að tileinka sér gildi uppistöðu og ívafs í mismunandi vefnaðaraðferðum. Nemendur temji sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð.


Áfangamarkmið:

- að nemendur haldi áfram að tileinka sér útreikninga í vefnaði og læra að þekkja og lesa úr mismunandi vefnaðartegundum og munstrum og nota þær/þau í verkum sínum.
- að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð í verkefnavali og noti sem mest eigin hugmyndir í verkum sínum með hjálp bindifræðinnar til að útfæra þær.
- að nemendur geri sér grein fyrir mismunandi eiginleikum vefjarefna og fjölbreyttu notagildi þeirra.
- að nemendur noti áfram tölvuforritið Weave point í munsturgerð/hönnun, hugmyndavinnu og mögulegum tækniútfærslum fyrir vefstól.

Hugmyndir um verkefni:

Unnið með vefnað sem krefst 6-10 skafta vefstóls með gagnbindingu. Jafnþráðavefnaður s.s. salún, daladregill, vöfluvefnaður eða aðrar vefnaðartegundir sem krefjast ákveðinnar tæknikunnáttu. Skila skal möppu með vinnuteikningum, skissum, prufum og útreikningum á uppsettri vöð.

| Vika | Námsefni |
|--------|--|
| 35 | Áfanginn kynntur og nemendur ákveða verkefni í samráði við kennara. Útreikningar á slöngu og byrjað að rekja í uppistöðu. Prufugerð. |
| 36- 40 | Uppsetning í vefstól, sköft og skammel bundin upp og byrjað að vefa. |
| 41-49 | Voðin ofin. Frágangur og möppuvinna |

| | | |
|-------------------|---|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 09 | | |
| Dags.: 06.06 2015 | | |
| Höfundur: HRS | | |
| Samþykkt: HJS | | |
| Síða 2 af 2 | VEF 303 Námsáætlun Haustönn 2015 | |

Námsgögn:

Fagbækur og tímarit í vefnaði, myndlist og textíl sem eru staðsett í vefstofu. Bindifræði Sigríðar Halldórsdóttur og Weavepoint forritið fyrir vefnað, staðsett í vefstofu. Efni frá kennara/Pinterest. Símar velkomnir til náms en annars geymdir í símakassa.

| Námsmat | Lýsing | Vægi |
|-----------------------|----------------------------|------|
| Prufur og uppskriftir | Prufumappa með uppskriftum | 20% |
| Undirbúningur | Hugmyndavinna | 35% |
| Ofið stykki | Vefnaður og frágangur | 35% |
| Frammistaða á önn | Ástundun og vinnubrögð | 10% |

Innkaup:

Nemendur halda áfram með að setja hugmyndir, skissur, uppskriftir og prufur í möppu úr 103 og 203 VEF. Einnig er gott að vera með reiknivél og skrífæri. Efni er til staðar í skólanum og þurfa nemendur að kaupa það sjálfir. Efnisgjöld áfangans eru dregin frá þeirri upphæð.

Opið hús þar sem nemendur bjóða til sín aðstandendum til að sjá afrakstur vinnunnar í áfanganum verður í lok annar. Nánari dagsetning verður ákveðin síðar. Mikilvægt að allir taki þátt bæði í undirbúningi og að taka á móti gestum um kvöldið.

Mjög mikilvægt er að nemendur vinni jafnt og þétt í tímum og á milli tíma til að ná settum markmiðum og árangri.

Verkefni skulu sótt á sýnidegi prófa.

Með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils